

# Íslenskur iðnaður

05. tölublað 16. árg.

Maí 2010

Samtök iðnaðarins

SI



Vignir Jóhannsson, myndlistamaður og Hilmar V. Pétursson CCP virða fyrir sér verðlaunagripinn Ljóshverfingu. Sjá nánar bls. 6.



Áhrifa frá Gvatemala gætti í Bankastræti á 20 ára starfsafmæli Kaffitárs, þar sem boðið var upp á Brasilúkaffi og gómsæta súkkulaðiköku.



Vaxtarsprotinn 2010. Davíð Lúðvíksson forstöðumaður hjá SI og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra bera saman bækur sínar.

## Ábyrgðasjóður MSI

Aðilar innan Meistaradeildar SI (MSI) hafa gert með sér samkomulag um stofnun Úrskurðarnefndar og Ábyrgðasjóðs.

Í Meistaradeild SI eru Félag Skrúðgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi og Félag blikksmiðjueigenda.

### Um Ábyrgðasjóð Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins

Tilgangur Ábyrgðasjóðs MSI er að skapa traust milli viðskiptavina og félagsmanna MSI.

- Að baki Ábyrgðasjóði MSI standa Samtök iðnaðarins og sex meistarafélög
- Ábyrgðasjóður MSI er ætlað að skapa traust milli verkkaupa og verktaka
- Telji verkkaupi vinnubrögð verktaka ekki uppfylla væntingar getur hann skotið máli sínu til Úrskurðarnefndar MSI
- Allir félagsmenn Meistaradeildar SI eru löggiltir iðnmeistarar og eiga aðild að Ábyrgðasjóði MSI
- Skriflegur verksamningur milli verkkaupa og verksala er skilyrði þess að verkkaupi geti vísað máli sínu til Úrskurðarnefndar MSI. Ágreiningi vegna reikningagerðar, verktíma og álíka atriða er ekki hægt að vísa til Úrskurðarnefndar MSI. Einungis er úrskurðað um meint ófagleg vinnubrögð
- Sjóðurinn tekur ekki á málum vegna efnisgalla eða galla sem stafa af röngum upplýsingum framleiðenda
- Einungis einstaklingar og húsfélög geta notið bóta úr Ábyrgðasjóði MSI
- Úrskurðarnefnd MSI tekur ekki fyrir mál gagnvart fyrirtækjum.
- Hámarks bótafjárhæð er 2.000.000 króna
- Úrskurðarnefnd MSI fjallar ekki um mál þar sem samningsupphæð er lægri en 100.000 krónur né hærri en 25.000.000 króna með VSK

Málskotsgjald er 15.000 krónur. Til þess getur komið að sá sem tapar máli greiði útlagðan kostnað að hámarki 100.000 krónur.

Kynntu þér málið á [www.si.is](http://www.si.is).



Erla Bjarney Árnadóttir, Gogogic og Björn Þór Jónsson, tölvunarfræðideild HR

## HR þróar nýja námsleið í samstarfi við Samtök leikjafyrirtækja

Háskólinn í Reykjavík býður upp á sérstaka áherslulínu í tölvuleikjapróun næsta haust. Þetta er í fyrsta sinn sem nám af þessu tagi verður kennt hérlendis en starfsfólk tölvunarfræðideildar HR hefur þróað línuna í samstarfi við Samtök íslenskra leikjafyrirtækja (IGI), sem voru stofnuð á síðasta ári. IGI mun m.a. verða HR innan handar með kennslukrafta í þessari nýju leikjalínu. Leikjapróunarlinan er hluti af B.Sc. námi í tölvunarfræði og samanstendur af fimm námskeiðum, eða sem nemur einni önn.

framhald bls. 2

bls. 2



Afl til framfara

bls. 3



Vaxtarsprotinn 2010

bls. 4 - 5



Svanurinn 20 ára

bls. 6



Oddi hlaut Kuðunginn

bls. 7



Málstofa um einkaleyfi í líftækni

# AFL TIL FRAMFARA



**Jón Steindór Valdimarsson**  
framkvæmdastjóri SI

Endurreisn efnahagslífsins og endurheimt líf skjara almennings hvílir á því að atvinnulífið vaxi og dafni í sinni fjölbreyttustu mynd. Höfuðáherslu þarf að leggja á að efla og styrkja þær greinar og fyrirtæki sem eru best í stakk búin til þess að afla þjóðarþínu tekna með sem minnstum tilkostnaði.

Á næstu tíu árum blasir við að um 35.000 manns þurfa störf. Kappkosta þarf að sem flestir fái störf við útflutningsgreinar. Störf hjá fyrirtækjum sem framleiða og selja vörur og þjónustu með miklum virðisauka og geta greitt góð laun.

Hefðbundnar greinar á borð við landbúnað, sjávarútveg eða mannvirkjagerð munu ekki nema í mjög takmörkuðum mæli bæta við sig starfsfólki á komandi árum. Þess vegna verður að róa að því öllum árum að efla hátækniyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem byggja á rannsóknar- og þróunarstarfi og hafa burði til þess að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Mörg dæmi sanna að íslensk fyrirtæki hafa alla burði til þess að ná mjög góðum árangri ef vel er á spilum haldið.

## Markviss forgangsröðun

Á næstu misserum þarf að draga úr kostnaði við rekstur samfélagsins. Undan því verður ekki vikist. Hitt má ekki gerast að fyrirtækin sem við ætlum og verðum að byggja framtíð okkar á nái ekki dafna. Þau verða að hafa aðgang að velmenntuðu fólki í verk- og tæknigreinum hvers konar. Þær greinar verður að verja í niðurskurði. Tækniþróunarsjóð verður að efla og hin nýja Íslandsstofa verður að sinna þessum fyrirtækjum af miklum þrótti.

Allir verða að toga í sömu átt og forgangsráða í þágu þess að sem flest fyrirtæki af þessu tagi nái flugi. Þá gildir einu hvort það eru skólar, stoðkerfi, rannsóknarumhverfi, fjárfestar, ráðuneyti eða samtök í atvinnulífinu. Þegar að kreppt verður að forgangsráða í þágu

vaxtarins og annað verður þá að sitja á hakanum, a.m.k. um sinn. Versta niðurstaðan er sú að forðast forgangsröðunina og draga máttinn jafnt úr öllum. Hér þarf auðvitað kjark. Ástæða er til að óttast að hann muni skorta og sýnist t.d. að niðurskurður í menntakerfinu verði þessu marki brenndur. Þar verði valin leið flats niðurskurðar í stað forgangsröðunar.

## Samstaða um atvinnuvegaráðuneyti

Hugmyndir um eitt atvinnuvegaráðuneyti eru skynsamlegar og brýnt að stíga það skref. Því miður eru hugmyndir þær sem hafa verið kynntar um margt gallaðar þegar kemur að tilflutningi verkefna og stofnana frá hinu nýja ráðuneyti til annars nýs ráðuneytis auðlinda- og umhverfismála sem einnig er á teikniborðinu. Það skýtur skökku við að þegar brýnt er að byggja upp og efla traust og samstöðu kjósi ríkisstjórnin að móta og setja fram tillögur án þess að eiga nokkurt samráð við atvinnulífið sem þessar breytingar eiga þó að efla og styrkja. Þar þurfa stjórnvöld að gera bragarbót.

## Nýsköpun í lykilhlutverki

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins varð til fyrir framsýni og skynsemi þeirra sem þar komu að verki á sínum tíma. Ekki voru þó allir á sama máli og efasemdaraddir mátti heyra í þá veru að sjóður af þessu tagi myndi ekki kunna að fara með fé. Þegar ríkið seldi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins með góðum hagnaði og bankaævintýrið hófst þótti sumum fullsannað að fénu sem rann til NSA hafi verið illa varið.

Fljótt skipast veður í lofti og þessar kenningar afsannast. Rétt var að haga stjórn sjóðsins með þeim hætti sem gert er. Hann sé sjálfstæður og lýtur sjálfstæðri stjórn sem er skipuð að meirihluta fulltrúum atvinnulífsins. Þessi uppsetning hefur gefist vel. Það er óhjákvæmilegt að nýsköpunarfjárfestingar á

borð við þær sem NSA fæst við sé samvinnuverkefni atvinnulífsins og stjórnvalda. Þess vegna á að kappkosta að efla sjóðinn um leið og tækifæri gefst til.

NSA hefur sýnt og sannað að hann gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu fyrirtækja framtíðarinnar og hefur sem betur fer getað fjárfest af krafti á liðnu ári og mun gera það áfram.

Hér má ekkert lát verða á.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
05. tbl. 16. árg. Maí 2010  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 25.5.2010  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Halldór Kolbeins bls. 1 og 6  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

*Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.*

Framhald af forsíðu

## HR og Samtök leikjafyrirtækja

Leikjaiðnaðurinn þarfnast velmenntaðra tölvunarfræðinga, þar sem góður tölvuleikur er í raun flókinn hugbúnaður sem gerir kröfur til þeirra sem hann þróa. Á þessum námskeiðum er því lögð sérstök áhersla á ýmis grundvallaratriði sem liggja að baki flestum tölvuleikjum.

Umsóknarrestur til náms í tölvunarfræði við HR rennur út 31. maí. Hægt verður að kynna sér námið frekar á leikjadesi sem HR og Samtök íslenskra leikjafyrirtækja standa fyrir í húsakynnum skólans í Nauthólsvík 29. maí. Sérfræðingar og fulltrúar tölvuleikjafyrirtækja flytja þar erindi, verðlaun verða veitt í samkeppni um bestu tölvuleikina og fleira og er öllum velkomið að mæta.

# Nox Medical hlutskarpast



Frá vinstri Helgi Hjálmarsson, Valka, Jón Kristjánsson og Pétur Pétursson, Menn og Mýs, Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical, Stefán Hrafnkelsson, Betware og Júlíus Benediktsson, Hafmynd.

**F**yrtækið Nox Medical ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2010 sem er viðurkenning fyrir öflugra uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækið meira en

tífaldaði veltu sína milli árána 2008 og 2009 úr 16,5 m.kr. í um 175 m.kr. Fyrirtækin Hafmynd, Menn og Mýs og Valka fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, afhenti Sveinbirni Höskuldssyni framkvæmdastjóra Nox Medical Vaxtarsprotann 2010 að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðilum atvinnulífsins í Grasagarðinum Laugardal við hátíðlega athöfn.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli árána 2008 og 2009, en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í 2. deild, þ.e. flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir hlutu fyrirtækin Nox Medical ehf. og Valka ehf. viðurkenningu en í 1. deild, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1000 milljónir fengu fyrirtækin Hafmynd ehf. og Menn og Mýs ehf. viðurkenningu.

Við sama tækifæri var fyrirtækið Betware hf. skráð í úrvalsdeild íslenskra hátæknifyrirtækja, en fyrirtækið hefur áður hlotið viðurkenningu Vaxtarsprotans fyrir góðan vöxt. Þessi viðurkenning er veitt innan Samtaka iðnaðarins þegar sprotafyrirtæki hafa náð þeim áfanga að velta meiru en milljarði króna á ári. Síðasta fyrirtækið sem náði þessum áfanga var Roche Nimblegen á árinu 2008.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is).



## Dómur fallinn

### Mannréttindadómstóll Evrópu

kvað upp dóm um lögmæti iðnaðarmálagjalds 27. apríl sl. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að lögin um iðnaðarmálagjaldið stæðust ekki ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaðan eru Samtökum iðnaðarins vonbrigði. Tvívegis hefur Hæstiréttur Íslands fjallað um málið og komist að annarri niðurstöðu. Dómur MDE kemur hins vegar ekki alveg á óvart því flest mál sem hann tekur á annað borð fyrir af þessu tagi falla sækjanda í hag. Það sýnir tölfræðin.

Samtök iðnaðarins áttu ekki aðild að þessum dómsmálum enda þótt þau vörðuðu gjald sem iðnaðurinn í landinu greiðir og rennur til þeirra. Það var ríkið sem var varnaraðili í málinu enda fjallað um lög frá Alþingi sem hafa verið í gildi um áratugaskeið.

Niðurstaðan hefur mikil áhrif á rekstur Samtaka iðnaðarins og þar með hagsmunagæslu iðnaðarins í landinu. Niðurstaðan mun einnig hafa áhrif á fjármögnun annarra hagsmunasamtaka og verkefna í atvinnulífinu.

Samtök iðnaðarins munu leggja á það höfuðáherslu að þjónusta við félagsmenn og barátta fyrir hagsmunum iðnaðarins verði öflug í framtíðinni þrátt fyrir dóm Mannréttindadómstóls Evrópu.

## Kaffitár 20 ára



Í tilefni 20 ára afmælis Kaffitárs nú í ár bauð fyrirtækið til afmælishátíðar í öllum kaffihúsum þess laugardaginn 8. maí. Í hverju kaffihúsi gætti áhrifa frá einhverju kaffiræktunarlandanna. Boðið upp á tónlistaratriði frá Brasilíu í Höfðatorgi, skreytingar frá Indónesíu í Kringlunni og á Stapabraut, kólumbíska stemningu í Smáralind, áhrifa frá Gvatemala gætti í Bankastræti, Afríku var að finna í Þjóðminjasafninu og tónlistaratriði frá Nikaragúa í Flugstöðinni.

Um var að ræða sannkallaða kaffihátíð þar sem gestum og gangandi gafst tækifæri til að skyggjast inn í menningu kaffiræktunarlandanna sem Kaffitár kaupir kaffibaunir frá. Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs segir menningu kaffiræktunarlandanna vera fyrirtækinu hugleikin. „Við erum því stolt af því að geta helgað afmælishátíð okkar kaffiræktunarlöndunum og þeim margbreytileika sem þau bjóða upp á. Við erum svo lánsöm að fá að miklum meirihluta kaffið okkar beint frá bónda, eða án krókaleiða eins og við köllum það.“

# Umhverfisevntun er einföld yfirlýsing

## Svanurinn 20 ára

**Umhverfisevntun á vöru og þjónustu** er yfirlýsing um að við þróun og framleiðslu hefur verið hugað að auðlindanýtingu, endurvinnslu úrgangs og orkusparnaði. Fyrirtæki sem fara í gegnum vottunarferli vinna markvisst að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif af sinni starfsemi.

### Svanurinn í 20 ár

Nú eru liðin 20 ár frá því Svanurinn, norræna umhverfismerkið, var sett á laggirnar og 10 ár síðan prentsmiðjan Guðjón Ó fékk fyrstu svansvottunina héraendis. Vinsældir umhverfisstjórnunar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og þeim fyrirtækjum hefur fjölgað sem kjósa umhverfisevntun. Ávinningur fyrirtækja sem fara á slíkt ferli er líka mikill.

### Markvissari vinnubrögð og sparnaður í rekstri

Fjöldmörg dæmi sýna að sparnaður næst í rekstri því góð nýting á efnum og aðföngum er lykilatriði í umhverfisstjórnun. Í upphafi þarf ekki að kosta mikið að taka upp umhverfisvænni hætti, gagnrýn skoðun innanhúss er góð byrjun. Ef tekin er ákvörðun um að fá vottun á starfið krefst það aga sem skilar sér í markviss-

ari vinnubrögðum og kallar á að stöðugt sé unnið að frekari umbótum. Vottun er líka mikilvæg yfirlýsing til viðskiptavina um það starf sem unnið er innandyrna.

### Betri starfsandi

Góð áhrif á starfsanda fyrirtækja er það sem margir nefna þegar spurt er um helsta ávinning þess að fara í gegnum vottunarferli. Það er lærdómur fyrir starfsfólk að fara í þá naflaskoðun sem krafist er. Umbætur sem fylgja í kjölfarið eru iðulega til bóta fyrir vinnuumhverfi. Reynslan sýnir að bestur árangur næst ef allir starfsmenn leggja sitt af mörkum. Oft heyrast að umbótastarfið á vinnustaðnum hafi skilað sér heim og starfsmenn átti sig á að það er ýmislegt sem hver og einn getur gert í umhverfismálum.

### Bætt samkeppnisstaða

Umhverfisevntun er einföld yfirlýsing til neytenda og þeirra sem kaupa inn hjá fyrirtækjum og stofnunum. Það sparar tíma og fyrirhöfn að geta bent á að vara eða þjónusta hefur verið tekin út af utanaðkomandi aðila sem vottar að hún uppfyllir kröfur sem gerðar eru til umhverfismála. Almennar yfirlýsingar um að



**Bryndís Skúladóttir**  
forstöðumaður umhverfismála

fyrirtækið tryggi þetta með eigin athugunum eru ekki eins sterkar. Góð frammi- staða í umhverfismálum getur þannig skipt sköpum fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækja.

### Þekkt merki sem nýtur trausts

Alþjóðlegar vottanir geta styrkt markaðsstarf erlendis því það er vel þekkt hvað liggur að baki þeim. Sambærilegar kröfur eru gerðar í öllum löndum og sá sem einu sinni hefur sannfærst um að Svanurinn eða annað umhverfismerki sé traust þekkir merkið þegar hann sér það aftur. Mikil verðmæti felast í því að taka upp merki sem er þekkt og nýtur trausts. Það auðveldar markaðssetningu og getur opnað áður lokaðar dyr.

Framleiðendur sem velja umhverfisevntun sýna samfélagslega ábyrgð og leggja sitt af mörkum til að gera betur.



## Orf Líftækni færir út kvíarnar

**Nýsköpunarfyrirtækið ORF Líftækni** hyggst í sumar tvöfalda ræktun sína á erfðabreyttu byggi til að anna aukinni eftirspurn eftir afurðum fyrirtækisins. Í sumar mun hluti byggæktunar fyrirtækisins fara fram í 2500 m<sup>2</sup> gróðurhúsi að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði.

Byggið sem ræktað verður í Borgarfirði-

inum myndar í fræjum sínum verðmætt prótein sem m.a. er ætlað til notkunar í snyrtivörur. Stærstur hluti aukinnar framleiðslu er til að mæta aukinni eftirspurn meðal erlendra viðskiptavina í snyrtivöruíðnaðinum. Samhliða aukinni framleiðslu er dótturfyrirtæki ORF Líftækni, Sif Cosmetics, að markaðssetja nýja og byltingarkennda húðdropa sem þróaðir hafa verið í samvinnu við fremstu vísindamenn landsins á sviði próteintækni, húðlækna og erlend snyrtivöruvörufyrirtæki. Um er að ræða fyrstu vöru fyrirtækisins fyrir almennan neytendamarkað.

Ræktuninni á Kleppjárnsreykjum fylgja ný störf en auk þess munu aukin umsvif skapa störf við vinnslu próteinsins úr bygginu, markaðssetningu og sölu. Yfir þrjátíu manns starfa nú hjá ORF Líftækni í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins í Kópavogi og í hátæknigróðurhúsinu Grænu Smiðjunni í Grindavík.

Umhverfisstofnun hefur veitt ORF Líftækni starfsleyfi fyrir ræktun á erfða-



breyttu byggi í gróðurhúsinu á Kleppjárnsreykjum á grundvelli umsagnar sveitarfélagsins Borgarbyggðar og annarra viðeigandi aðila.



## Svanurinn

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu. Tilgangur Svansins er að ýta undir sjálfbæra þróun samfélagsins svo að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum. Alls er hægt að votta 65 mismunandi vöru- og þjónustuflokka.



## Fagnar 10 ára afmæli

Árið 2000 fékk prentsmiðjan GuðjónÓ fyrst leyfi til að merkja sína vöru með Svansmerkinu. Fyrirtækið er elsti leyfishafi Svansins á Íslandi. Á þeim 10 árum sem liðin eru hefur svansmerktum vörum farið fjölgandi og sífellt fleiri fyrirtæki sem bætast í hópinn.

Þórlleifur V. Friðriksson og Ólafur Stolzenwald, prentsmiðjustjórar segja reynslu fyrirtækisins af Svaninum góða. „Við höfum fengið góða svörun frá markaðnum og þeir eru fleiri sem huga að umhverfismálum í dag en áður. Það er ljóst að Svanurinn er líka kerfi sem bætir gæðamálin í prentsmiðjunni og er gott stýrikerfi fyrir stjórnendur prentsmiðjunnar varðandi hinn daglega rekstur.“

Þeir segja fyrirtækið hafa þróast og breyst til hins betra á þessum 10 árum bæði hvað varðar pappírsnýtingu, minnkun á efnum og heilnæmara lofti. „Á þessum tímamótum þökkum við öllum þeim sem hafa gengið þessi skref með okkur og gert í leiðinni rekstur sinn umhverfisvænni með að nota Svaninn umhverfismerkið á vöru sína.“



## Fyrsta vottaða kaffihúsið

Kaffitár hefur fengið vottun norræna umhverfismerkisins Svansins. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra veitti Aðalheiði Héðinsdóttur vottunina 14. maí.

Að sögn Aðalheiðar hefur Kaffitár alla tíð verið mjög umhugað um umhverfismál. „Við erum ákaflega stolt af Svansvottuninni, segja má að Kaffitár hafi verið um árabíl í fararbroddi í umhverfismálum hér á landi og er vottunin staðfesting þess árangurs sem hefur náðst.“

Helstu breytingarnar á kaffihúsunum eru í sorpflokkuninni en auk þess verða engar einnota umbúðir notaðar. Öll hreinsiefni sem notuð eru hafa verið endurskoðuð með tilliti til umhverfisþátta.

Aðalheiður segist líta á það sem samfélagslega ábyrgð að huga að umhverfismálum. „Svansvottunin er liður í því að draga úr umhverfisáhrifum kaffihúsa okkar og þeirrar þjónustu sem við veitum þar. Sífellt fleiri velja umhverfisvottaða vöru og þjónustu og það eru forréttindi að vera eitt þeirra fyrirtækja sem vinna markvisst í að gera betur í umhverfismálum.“



## Prentsmiðjan Oddi

Prentsmiðjan Oddi fékk Svansvottun í byrjun janúar. Vottunin nær yfir alla prentþjónustu fyrirtækisins, þ.e.a.s. almennt prentverk, tímarit, bækur, bylgjukassa, öskjur o.fl.



## Ræstingasvið ISS

Ræstingasvið ISS Ísland hlaut Svansvottun fyrir ræstingarþjónustu í nóvember. ISS Ísland sem starfar á sviði fasteignaumsjónar er jafnframt fyrsta ISS fyrirtækið á heimsvísu til að fá slíka vottun.



## Ölgerðin

Ölgerðin flytur inn Neutral vöurnar sem eru svansmerktar. Neutral eru hreinlætisvörur sem eru umhverfisvænar og vernda viðkvæma húð.



## CCP hlýtur Útflutningsverðlaun forseta Íslands

CCP hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands 20. apríl sl. Hilmar Veigar Pétursson forstjóri veitti verðlauninum viðtöku við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. CCP hljóta verðlaunin fyrir einstakan árangur á heimsvísu í þróun og markaðssetningu fjölþátttöku tölvuleikja. CCP fær sérhannaðan verðlaunagrip og skjal, auk þess sem verðlaunahafi fær leyfi til að nota merki verðlaunanna á kynningarefni sitt í fimm ár frá afhendingu.

## MINNA SALT



### Heilbrigðisyfirvöld víða um lönd

leggja mikla áherslu á að draga úr saltneyslu almennings. Talið er að með því megi draga umtalsvert úr hættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Lýðheilsustöð ráðleggur að saltneysla fari ekki yfir 6-7 grömm á dag hjá fullorðnu fólki en raunveruleg neysla er mun meiri. Stofnunin gefur góð ráð til að draga úr saltneyslu á vefsíðu sinni.

Um 80% af salti í fæði Íslendinga, líkt og annarra þjóða, kemur úr unnum matvælum. Íslenskir bakarar hafa tekið sig saman um að draga úr saltnotkun í brauð, í samstarfi við Lýðheilsustöð, og stofnunin stefnir að sambærilegum átaksverkefnum með fleiri framleiðslugreinum. Mörg íslensk kjötvinnslufyrirtæki hafa þróað saltminni vörur að eigin frumkvæði. Bretar og Írar hafa sett sér opinber markmið um að draga úr salti í unnum matvælum og stærstu framleiðendur morgunkorns hafa dregið umtalsvert úr saltnotkun. Danskir matvælaframleiðendur og lýðheilsufirvöld standa saman að því að minnka salt í algengum unnum matvælum s.s. brauði, osti, kjötáleggi og tilbúnum réttum. Danskur matvælaíðnaður hefur gengið á undan með góðu fordæmi og

ýtt úr vör ýmsum verkefnum sem miða að því að draga úr salti í framleiðsluvörum, bæði með því að minnka salt í hefðbundnum uppskriftum og þróa nýjar afurðir sem innihalda lítið salt frá upphafi. Salt hefur margs konar áhrif í matvælum s.s. að gefa bragð, auka bragð, auka geymsluþol og bæta áferð. Þess vegna er ekki hægt að kippa því út úr uppskriftum fyrirvaralaust. Draga þarf úr saltnotkun í áföngum til að neytendur venjist nýju bragði smám saman og um leið þarf að finna aðrar leiðir til að tryggja geymsluþol og ná fram réttri áferð. Til eru önnur efni sem geta komið í staðinn fyrir salt en það getur kostað töluverða þróunarvinnu að finna réttu hlutföllin.

Mikilvægt er að lýðheilsufirvöld hvetji neytendur til hófsemi í saltneyslu, samtímis því að framleiðendur og matvöruverslanir þjóða upp á saltminni vörur, til að neytendur séu mótækilegri fyrir nýjungunum.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is).

## Prentsmiðjan Oddi hlaut Kuðunginn



Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra og Þóra Hirst, gæðastjóri Odda

## SOFIA verkefnið

Yfirfærsluverkefni á vegum IÐUNNAR fræðsluseturs.

SOFIA verkefnið er evrópskt samvinnuverkefni grafískra skóla í Frakklandi, á Spáni og á Íslandi. Markmið verkefnisins er að þróa nýstárlegar lausnir í fjarkennslu. Í verkefninu er stuðst við aðferðir sem voru þróaðar í París til þess að ná til ungmenna í brottfallshættu í skólakerfinu. Verkefnið er stutt af Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi og hlaut um 200.000 evrur í styrk. Verkefnið er til tveggja ára og lýkur haustið 2010.

Þátttakendur verkefnisins eru Borgarholtsskóli, Tækniskólinn og Flensborgarskóli á Íslandi. Spænski þátttakandinn er Nýsköpunar- og tæknimiðstöðin í Aragon og franski skólinn heitir CNA CEFAG. Verkefninu er stýrt af Birni M. Sigurjónssyni sviðsstjóra prenttækisviðs IÐUNNAR fræðsluseturs.

**Prentsmiðjan** Oddi hlaut Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins fyrir framlag fyrirtækisins árið 2009. Þóra Hirst, gæðastjóri prentsmiðjunnar veitti viðurkenningunni viðtöku.

Oddi hefur árum saman unnið eftir ákveðinni umhverfisstefnu, tekið upp umhverfisstaðla og unnið að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfi og heilsu.

Í Odda er mjög fullkomin sorpflokkun, sem hefur leitt til meiri endurvinnslu og minni urðunarúrgangs. Þá hefur breytt framleiðslutækni leitt til minni efnanotkunar og markvissari stýringu til að lágmarka notkun á hættulegum efnum og tryggja rétta meðhöndlun þeirra.

Oddi hefur skýra umhverfisstefnu og til að tryggja að þau skilyrði séu uppfyllt er unnið markvisst að því að allir 250 starfsmenn fyrirtækisins séu upplýstir um umhverfisáhrif sem tengjast rekstri prentsmiðjunnar sem og lög, reglugerðir, staðla og kröfur í umhverfismálum.



## Málstofa um einkaleyfi í líftækni

**Samtök íslenskra líftækniyrirtækja**, SÍL, héldu á dögnum málstofu um einkaleyfi í líftækni. Þar var velt upp spurningunni um hver gagnsemi einkaleyfa er. Hið augljósa gagn er að vernda uppfinningar en mikilvægið felst einnig í að sýna fram á öflugt rannsóknarstarf í fyrirtæki t.d. í samskiptum við fjárfesta.

### Verðmætasköpun

Elín R. Jónsdóttir, sviðsstjóri hjá Einkaleyfastofunni benti á að aðalmarkmiðið með umsóknum um einkaleyfi er að skapa verðmæti og best er ef gerð er hugverkaáætlun þar sem tíma og fjármagni er ætlað í þessa vinnu. Velta þarf upp hvort aðrar leiðir henti betur, t.d. að halda uppfinningu leyndri.

### Huga þarf að einkaleyfum snemma í vöruþróunarferlinu

Einar Karl Friðriksson hjá Árnason Faktor lagði áherslu á að huga snemma að þessum þáttum í vöruþróunarferli. Skoða þurfi hvað á að vernda og hvaða viðskiptalegum tilgangi það þjónar. Skoða þarf hvenær eigi að leggja fram umsókn, hversu þroskað verkefnið þarf að vera til að það sé tímabært. Umsóknarferlið tekur mörg ár en nýta þarf tímann vel.

### Langt þróunarferli í líftækni

Guðmundur F. Sigurjónsson hjá Kerecis sýndi hvernig þróunarferlið þarf að hanga saman við umsóknarferlið svo varan sé tilbúin á markað þegar einkaleyfið tekur gildi. Í greinum eins og líftækni, þar sem þróunarferlið er langt, veitir ekkert af tímanum.

### Vernd einkaleyfa

Þegar einkaleyfi falla úr gildi opnast möguleikar fyrir aðra að koma inn á markaðinn eins og Ragnheiður Sigurðardóttir hjá Actavis sagði frá. Eins þarf að varast að brjóta ekki á einkaleyfum annarra. Talsvert er af kærumálum vegna slíkra brot og þeir sem eiga einkaleyfi þurfa að hafa bolmagn til að verja sitt svæði. Líftækni er flókið svið og þar eru ýmis vafamál um hvað er einkaleyfishæft og hvað ekki. Huga þarf vel að framsetningu og orðalag í umsóknum.

### Hvað þarf að varast?

Jakob Kristjánsson hjá Prókatín, sagði frá ýmsu sem þarf að varast. Vandasamt er að skila góðu og gagnlegu einkaleyfi í hús og langlundargeð þarf til að fylgja því eftir og verja það

### Gagnagrunnar um einkaleyfi mikilvægir

Framsögumenn voru sammála um að ef lagt er inná þessa braut ætti það að vera til að sækja um verndun fyrir eigin starfsemi og vörur. Erfitt hefur reynt að búa til einkaleyfi til þess eins að selja það með miklum gróða. Þau bentu einnig á að gríðarmikill fróðleikur liggur í gagnagrunnum sem birta umsóknir um einkaleyfi opinberlega. Þeir sem skyggst hafa inn í þennan heim eru sammála um að mikilvægi gagnagrunna um einkaleyfi, fyrir rannsóknar- og þróunarstarf, sé ekki minna en vísindagreina.



**IDAN**  
fræðslusetur

Kjarni verkefnisins er námsefnisgerð í fjarkennsluumhverfi. Markhóparnir sem verkefnið miðar á eru í megindráttum þrír. Í fyrsta lagi er lítið til þeirra hópa sem eru mestri brottfalls-hættu. Sá hópur hefur mælst nokkuð stór héraendis og því brýnt að ná til þess hóps. Í öðru lagi er verkefnið miðað að þörfum þeirra nemenda sem búa við hindranir að námi, s.s. félagslegar aðstæður sem hamla því að nemandi geti stundað nám á hefðbundinn hátt. Þá geta fjarlægðir frá skóla auk fötlunar hindrað nemendur í ástundun náms. Í þriðja lagi er um að ræða fullorðna námsmenn sem hafa e.t.v lokið fagnámi sínu en þurfa á sérsniðnum námslausnum að halda vegna tiltekinna krafna í atvinnulífi.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is).



# HVER ÁBYRGIST ÞINN MEISTARA?

Meistarar í Samtökum iðnaðarins eru með Ábyrgðasjóð sem tryggir þér vel unnið verk.

**Ert þú með skriflegan samning og tryggingu um fagleg vinnubrögð frá þínum meistara?**

Það er trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilskilin réttindi. Innan raða Samtaka iðnaðarins er starfandi Meistaradeild sem hefur á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns framkvæmda.



Félag skruðgarðyrkjumeistara  
[www.meistari.is](http://www.meistari.is)



Málrameistarafélagið  
[www.malarar.is](http://www.malarar.is)



Meistarafélag Suðurlands  
[www.mfs.is](http://www.mfs.is)



Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði  
[www.si.is/mih](http://www.si.is/mih)



Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi  
[www.mbn.is](http://www.mbn.is)



Félag blikksmiðjueigenda  
[www.blikksmidjur.is](http://www.blikksmidjur.is)



Kynntu þér málið á [www.si.is](http://www.si.is)